

AUGLÝSING

um hópstærðir í framhaldsskólum.

1. gr.

Grunnviðmið um nemendafjölda í námshópum eru eftirfarandi: 12 nemendur í verknámshópum, 15 nemendur í listgreinum, fagbóklegum áföngum og áföngum almennrar námsbrautar, 18 nemendur í tölvufræðihópum, 22 nemendur í raungreinum eftir nánari skilgreiningu í líkani og 25 nemendur í almennum bóklegum greinum og íþróttum. Að öðru leyti eru nemendafjöldaviðmið í einstökum áföngum háð ákvörðun mennta- og menningarmálaráðuneytis hverju sinni. Leita skal samþykkis viðkomandi kennara ef nemendur eru fimmtungi fleiri eða meira en viðmið reiknilíkans fela í sér.

2. gr.

Fari kennsla fram með óhefðbundnum hætti, þ.e. ekki er um hefðbundna kennsluhópa að ræða, sbr. 1. gr., eða kennsla fylgir ekki hefðbundnu annarskipulagi skóla er heimilt, að fyrirframfengnu samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytis, að semja um sérstök viðmið til útreiknings á kennslustund t.d. fjölda nemenda.

3. gr.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt heimild í 2. mgr. 43. gr. laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla, og öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi auglýsing nr. 4/2001, um almennt hlutfall námseininga og kennslustunda, hópstærðir og breytileg viðmið kennslustunda í framhaldsskólum.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 16. nóvember 2016.

Illugi Gunnarsson.

Ásta Magnúsdóttir.